



Akraneskaupstaður

## Bæjarstjórn - 1321

### FUNDARBOÐ

**1321. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í fjarfundi, 10. nóvember 2020 og hefst kl. 17:00**

#### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2003191 - Covid 19 - Ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga**

Ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvörðunartöku við stjórn sveitarfélaga hefur verið framlengd til 10. mars 2021. Auglýsing þess efnis birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann 3. nóvember sl.

**2. 2010138 - Landsbankinn - yfirdráttarumboð og skilmálar**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 29. október sl. að veita, í samræmi við 58. sbr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, Sævari Frey Þráinssyni, bæjarstjóra Akraneskaupstaðar, fullt og ótakmarkað umboð til þess að óska eftir því við Landsbankann að yfirdráttarheimild verði veitt á tilgreindan veltureikning Akraneskaupstaðar að tilgreindu hámarki skv. meðfylgjandi fylgiskjölum og ítarbókun.

Bæjarráð veitir Sævari Frey Þráinssyni, bæjarstjóra Akraneskaupstaðar, jafnframt heimild til að óska eftir breytingum á yfirdráttarheimildinni til lækkunar frá hámarksfjárhæðinni og að fella hana niður.

Bæjarráð vísaði ákvörðuninni til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

**3. 1910179 - Fjöliðjan - uppbygging á Dalbraut 10**

Meirihluti bæjarráðs samþykkti á fundi bæjarráðs þann 15. október sl. að farið verði eftir sviðsmynd 1 í lokaskýrslu starfshóps um framtíðarhúsnæði Fjöliðjunnar.

**4. 2010238 - Breyting á staðgreiðslutekjum, framlagi Jöfnunarsjóðs og arðgreiðslna í fjárhagsáætlun 2020**

Áætlun vegna staðgreiðslutekna hefur verið endurskoðuð út frá nýrri áætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020. Breytingin á staðgreiðslutekjum er til lækkunar að upphæð kr. 198.500.000. Fyrir lá í júlímánuði að Jöfnunarsjóður myndi skerða framlög til sveitarfélaga á árinu 2020. Framlög hafa verið endurreiknuð og munu framlög til Akraneskaupstaðar lækka í heildina. Arðgreiðslur eru hærri en áætlun gerðu ráð fyrir eða að fjárhæð kr. 72.060.000.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 29 við fjárhagsáætlun 2020 vegna breytinga á tekjum á fundi sínum þann 29. október sl. Viðaukinn felur í sér lækkun á staðgreiðslutekjum Breytingu á tekjum er mætt með lækkun á handbæru fé. Bæjarráð vísaði viðaukanum til endanlegrar samþykktar í bæjarstjórn.

**5. 2004169 - Aðalskipulag - stækkun Skógarhverfis.**

Í tillögnum felst stækkun Skógarhverfis til norðurs og austurs, að íþróttasvæði við Skógarhverfi verði breytt í útivistarsvæði, tjaldsvæði við Garðalund verði útivistarsvæði, mörkum Garðalundar verði breytt og miðist við gömlu skógræktarmörkin, gert verði ráð fyrir nýrri gatnatengingu við Akrafjallsveg (þjóðveg) norðan Skógarhverfis og að svæði fyrir verslun og þjónustu (hótelreitur) verði fellt út og verði útivistarsvæði. Jafnframt er stígakerfi lagað að breyttum mörkum Skógarhverfis.

Fjórar athugasemdir bárust við breytinguna. Skipulags- og umhverfisráð leggur fram til bæjarstjórnar meðfylgjandi greinargerð dagsetta 2.11.2020 sem svör við þeim athugasemdum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að á grunni ofangreindar greinargerðar, að auglýst tillaga verði samþykkt óbreytt og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

#### **6. 2005360 - Deiliskipulag Skógarhverfis áfangi 3 A**

Í tillögnum er m.a. gert ráð fyrir þétttri byggð einbýlis- og raðhúsa á einni til tveim hæðum. Einnig er gert ráð fyrir opnum svæðum með vatnsfarvegi sem er liður í ofanvatnslausnum og nýtist sem útivistarsvæði.

Fjórar athugasemdir bárust við þær skipulagstillögur, sem auglýstar voru samtímis, og eiga tvær þeirra beinlínis við deiliskipulagstillöguna. Skipulags- og umhverfisráð leggur fram til bæjarstjórnar meðfylgjandi greinargerð dagsetta 2.11.2020 sem svör við þeim athugasemdum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að á grunni ofangreindar greinargerðar að auglýst tillaga verði samþykkt óbreytt, og send Skipulagsstofnun og auglýst í B deild Stjórnartíðinda.

#### **7. 1906111 - Deiliskipulag Garðalundar og Lækjarbotna - endurskoðun**

Í skipulaginu er m.a. gerð grein fyrir afmörkun skógræktar og opinna svæða, aðkomu ökutækja, bílastæðum, stígakerfi, tengslum við aðliggjandi svæði, leiksvæðum, matjurtargörðum, núverandi og fyrirhuguðum byggingum. Við gildistöku nýs deiliskipulags verður deiliskipulag Garðalundar frá 2010 fellt úr gildi.

Fjórar athugasemdir bárust við þær skipulagstillögur, sem auglýstar voru samtímis, og eiga tvær þeirra beinlínis við deiliskipulagstillöguna. Skipulags- og umhverfisráð leggur fram til bæjarstjórnar meðfylgjandi greinargerð dagsetta 2.11.2020 sem svör við þeim athugasemdum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn á grunni ofangreindar greinargerðar að auglýst tillaga verði samþykkt óbreytt og send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

#### **8. 2008110 - Deiliskipulagsbreyting Akratorgsreits - Skólabraut 19**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Skólabrautar 19. Breytingin felst í að skilgreinabyggingarreit fyrir nýjar útitróppur og svalir á 2. hæð. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**9. 1906126 - Jaðarsbraut 9, Nýjar svalir - umsókn um byggingarleyfi**

Umsóknin var grenndarkynnt skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 22. september til og með 22. október 2020. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn, að heimila stækkun svala á Jaðarsbraut 9, skv. grenndarkynningu.

**10. 2007110 - Jaðarsbraut 33 - umsókn um byggingarleyfi**

Umsóknin var grenndarkynnt skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 22. september til og með 22. október 2020. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn, að heimila stækkun og breytingu á svölum á Jaðarsbraut 33, skv. grenndarkynningu.

**Fundargerðir til kynningar**

**11. 2001002 - Fundargerðir 2020 - Bæjarráð**

3433. fundargerð bæjarráðs frá 29. október 2020.  
3434. fundargerð bæjarráðs frá 5. nóvember 2020.

**12. 2001003 - Fundargerðir 2020 - Velferðar- og mannréttindaráð**

138. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 4. nóvember 2020.

**13. 2001004 - Fundargerðir 2020 - Skóla- og frístundaráð**

146. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 4. nóvember 2020.

**14. 2001005 - Fundargerðir 2020 - Skipulags- og umhverfisráð**

178. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 26. október 2020.  
179. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 2. nóvember 2020.

**15. 2002057 - Fundargerðir 2020 og tilkynningar - Samband íslenskra sveitarfélaga**

890. fundargerð stjórnar sambandsins frá 30. október 2020.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.